

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Júlí 2025

Veiðigjaldafrumvarp

Viðhorf til frumvarps

Nær 65% þeirra sem taka afstöðu eru hlynnt frumvarpi atvinnuvegaráðherra um breytingar á veiðigjöldum sem samþykkt var á Alþingi þann 14. júlí síðastliðinn, á meðan rúmlega 24% eru andvíg því. Rúmlega 11% segjast hvorki hlynnt né andvíg því.

Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú veiðigjaldafrumvarpi atvinnuvegaráðherra?



Karlar eru frekar andvígir veiðigjaldafrumvarpinu en konur, sem eru frekar hvorki hlynntar né andvígur því. Fólk milli fimm-tugs og sjötugs er frekar hlynnt frumvarpinu en fólk sem er yngra eða eldra og íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með háskólapróf er frekar hlynnt frumvarpinu en fólk með minni menntun. Fólk með hæstu fjölskyldutekjurnar er frekar andvígt frumvarpinu en fólk með lægri tekjur.

Þau sem kysu stjórnarflokkana ef kosið yrði til Alþingis í dag eru helst hlynnt frumvarpinu en þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn eða Miðflokkinn eru helst andvíg því, eða þrjú af hverjum fjórum. Ríflega 93% þeirra sem styðja ríkisstjórnina eru hlynnt frumvarpinu á móti 17% þeirra sem styðja hana ekki. Innan við 2% þeirra sem styðja ríkisstjórnina eru andvíg frumvarpinu en rúmlega 68% þeirra sem styðja hana ekki.

Greiningar

Kyn *



Aldur *



Búseta *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



Styður þú ríkisstjórnina? *




* Marktækur munur á milli hópa

Bekking á frumvarpi

Meirihluti landsmanna segist hafa kynnt sér efni veiðigjaldafrumvarpsins vel eða nær 55% á meðan rúmlega 24% segjast hafa kynnt sér það illa eða ekkert.

Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér efni veiðigjaldafrumvarpsins?



Karlar segjast frekar en konur hafa kynnt sér efni veiðigjaldafrumvarpsins vel og fólk segist frekar hafa kynnt sér það vel eftir því sem það er eldra. Fólk með hærri fjölskyldutekjur er líklegra en fólk með lægri tekjur til að segjast hafa kynnt sér efni frumvarpsins vel.


Þau sem kysu Flokk fólksins eða Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegri en þau sem kysu aðra flokka til að segjast hafa kynnt sér efni frumvarpsins vel. Þau sem eru hvorki hlynnt né andvíg frumvarpinu eru mun ólíklegri til að hafa kynnt sér efni þess vel en þau sem eru hlynnt eða andvíg því.

Greiningar

Kyn *




Aldur *




Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú veiðigjaldafrumvarpi atvinnuvegaráðherra? *




* Marktækur munur á milli hópa

Beiting 71. greinar

Ríflega 65% þeirra sem taka afstöðu eru sátt við þá ákvörðun forseta Alþingis að beita heimild í 71. grein þingskapslaga þegar hann lagði til að umræðu um veiðigjaldafrumvarpið yrði hætt og gengið yrdi til atkvæða. Tæplega 26% eru ósátt við ákvörðunina. Næstum 9% segjast hvorki sátt né ósátt við ákvörðunina.

Hve sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við þá ákvörðun forseta Alþingis að beita heimild í 71. grein þingskapslaga þegar hann lagði til að umræðu um veiðigjaldafrumvarpið yrði hætt og gengið yrdi til atkvæða?




Fólk milli fimmtugs og sjötugs er helst sátt við ákvörðun forseta þingsins og íbúar höfuðborgarsvæðisins eru frekar sáttir við hana en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með háskólapróf er frekar sátt við ákvörðunina en fólk með minni menntun, sem er frekar ósátt við hana eða hvorki sátt né ósátt.

Það kemur ekki á óvart að þau sem kysu stjórnarflokkana ef kosið yrði til Alþingis í dag eru helst sátt við ákvörðunina. Þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn eru helst ósátt við hana. Nær 93% þeirra sem styðja ríkisstjórnina eru sátt við ákvörðunina en tæplega 17% þeirra sem styðja ekki stjórnina. Rúmlega 2% þeirra sem styðja stjórnina eru ósátt við ákvörðun forseta þingsins en tæplega 69% þeirra sem styðja ekki stjórnina.

Nær 92% þeirra sem eru hlynnt veiðigjaldafrumvarpinu eru sátt við ákvörðun forseta þingsins um að beita 71. greininni en rúmlega 10% þeirra sem eru andvíg frumvarpinu. Tæplega 4% þeirra sem eru hlynnt frumvarpinu eru hins vegar ósátt við ákvörðunina á móti rúmlega 81% þeirra sem eru andvíg frumvarpinu.

Þau sem segjast þekkja efni frumvarpsins vel eru bæði líklegri en þau sem þekkja það illa til að vera sátt og ósátt við ákvörðun forseta þingsins. Þau sem þekkja efni frumvarpsins illa eru hins vegar líklegri en þau sem þekkja það vel til að vera hvorki sátt né ósátt við ákvörðunina.

Greiningar




* Marktækur munur á milli hópa

Stjórnarandstaða

Rúmlega sjö af hverjum tíu sem taka afstöðu telja málflutning stjórnarandstöðu í annarri umræðu um veiðigjaldafrumvarpið hafa verið málþóf til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið á meðan rúmlega 18% telja hann ekki hafa verið málþóf heldur eðlilega umræðu um frumvarpið. Naumlega 12% segja hvorugt lýsa viðhorfi sínu.

Hvort lýsir betur viðhorfi þínu til málflutnings stjórnarandstöðu í 2. umræðu um veiðigjaldafrumvarpið?



■ Málþóf til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið ■ Ekki málþóf heldur eðlileg umræða um frumvarpið ■ Hvorugt á við um viðhorf mitt

Munur er á svörum fólks eftir aldri og því hvað fólk kysi ef Alþingiskosningar færu fram nú. Þau sem kysu Samfylkinguna eða Viðreisn telja helst að um málþóf hafi verið að ræða til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið en þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn telja helst að um eðlilega umræðu um frumvarpið hafi verið að ræða.

Nær 90% þeirra sem styðja ríkisstjórnina telja að um málþóf hafi verið að ræða til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið og ríflega þriðjungur þeirra sem styðja ekki ríkisstjórnina telur það sama. Nær 41% þeirra sem styðja ekki ríkisstjórnina telur hins vegar að um eðlilega umræðu hafi verið að ræða á móti tæplega 7% þeirra sem styðja stjórnina.


Níu af hverjum tíu sem eru hlynnt veiðigjaldafrumvarpinu telja að um málþóf hafi verið að ræða til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið en tæplega 28% þeirra sem eru andvíg frumvarpinu telja það. Ríflega helmingur þeirra sem eru andvíg frumvarpinu telur að um eðlilega umræðu hafi verið að ræða en rúmlega 7% þeirra sem eru hlynnt frumvarpinu.

Nær þrjú af hverjum fjórum sem segjast hafa kynnt sér efni veiðigjaldafrumvarpsins vel telja málflutning stjórnarandstöðu í annarri umræðu um frumvarpið hafa verið málþóf til að hindra framgang þess gegnum þingið á meðan 55% þeirra sem segjast hafa kynnt sér efni frumvarpsins illa telja það.


Nær 89% þeirra sem eru sátta við beitingu 71. greinarinnar telja að um málþóf hafi verið að ræða til að hindra framgang frumvarpsins á móti ríflega 28% þeirra sem eru ósatta við hana. Nær helmingur þeirra sem eru ósatta telja að um eðlilega umræðu hafi verið að ræða en tæplega 8% þeirra sem eru sátta.

Greiningar

Aldur * ■ Málþóf til að hindra framgang frumvarpsins gegnum þingið ■ Ekki málþóf heldur eðlileg umræða um frumvarpið ■ Hvorugt á við um viðhorf mitt



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




Styður þú ríkisstjórnina? *



Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú veiðigjaldafrumvarpi atvinnuvegaráðherra? *



Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér efni veiðigjaldafrumvarpsins? *




Hve sátta(ur) eða ósatta(ur) ertu við þá ákvörðun forseta Alþingis að beita heimild í 71. grein þingskaparlaga ...? *



* Marktækur munur á milli hópa

Frammistaða

Nær 64% þeirra sem taka afstöðu telja að stjórnin hafi staðið sig betur en stjórnarandstaðan þegar kemur að veiðigjaldafrumvarpinu og afgreiðslu þess en tæplega 22% telja að stjórnarandstaðan hafi staðið sig betur. Ríflega 14% telja að stjórn og stjórnarandstaða hafi staðið sig álíka vel eða illa.




Fólk milli fimmtugs og sjötugs telur frekar en yngra og eldra fólk að stjórnin hafi staðið sig betur. Þau sem kysu Samfylkinguna eða Flokk fólksins telja það frekar en þau sem kysu aðra flokka á meðan þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn telja frekar en aðrir að stjórnarandstaðan hafi staðið sig betur.

Rúmlega 93% stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar telja hana hafa staðið sig betur en tæplega 9% þeirra sem styðja hana ekki. Nær 61% þeirra sem styðja ekki ríkisstjórnina telja stjórnarandstöðuna hafa staðið sig betur og ríflega 1% þeirra sem styðja ríkisstjórnina.

Níu af hverjum tíu sem eru hlynnt veiðigjaldafrumvarpinu telja stjórnina hafa staðið sig betur á móti ríflega 3% þeirra sem eru andvíg frumvarpinu. Nær 73% þeirra sem eru andvíg frumvarpinu telja stjórnarandstöðuna hins vegar hafa staðið sig betur á móti rúmlega 2% þeirra sem eru hlynnt því.

Nær 68% þeirra sem segjast hafa kynnt sér efni frumvarpsins vel telja stjórnina hafa staðið sig betur en helmingur þeirra sem segist hafa kynnt sér efni frumvarpsins illa. Þau sem hafa kynnt sér efni frumvarpsins illa eru líklegri en þau sem hafa kynnt sér það vel til að segja að stjórn og stjórnarandstaða hafi staðið sig álíka vel eða illa.



Næstum 89% þeirra sem eru sátt við beitingu 71. greinarinnar telja stjórnina hafa staðið sig betur á móti tæplega 5% þeirra sem eru ósátt. Nær 71% þeirra sem eru ósátt telja hins vegar stjórnarandstöðu hafa staðið sig betur á móti ríflega 3% þeirra sem eru sátt.

Tæplega 83% þeirra sem telja málflutning stjórnarandstöðu í annarri umræðu um veiðigjaldafrumvarpið hafa verið málþóf til að hindra framgang frumvarpsins telja stjórnina hafa staðið sig betur en rúmlega 7% stjórnarandstöðu. Nær sjö af hverjum tíu sem telja að um eðlilegan málflutning hafi verið að ræða telja stjórnarandstöðu hafa staðið sig betur en 19% stjórn.

